



Reykjavík, 8. apríl 2024

USK23080213

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Íbúaráð Grafarvogs

**Sendandi:** Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, íbúasamtaka Grafarvogs og foreldrafélaga í Grafarvogi

---

### Ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, íbúasamtaka Grafarvogs og foreldrafélaga í Grafarvogi:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, íbúasamtaka Grafarvogs og foreldrafélaga, styðja tillögu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins um stækkun þess verndarsvæðis, sem fyrirhugað er að friðlýsa í Grafarvogi. Samkvæmt tillögu ráðuneytisins er lagt til að verndarsvæðið fylgi göngustíg í norðanverðum Grafarvogi en teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. Þaðan fylgi mörkin göngustíg í átt að Stórhöfða en síðan lóðamörkum meðfram Stórhöfða að Grafarlæk og síðan með læknum. Tillaga um að víkka mörkin upp að göngustíg, sem liggur í kringum voginn er skynsamleg að því er fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar. Að mati stofnunarinnar er Grafarlækur mikilvægur fyrir lífríki Grafarvogs því hann er stærsta inntak ferskvatns í voginn og skapar þar aðstæður, sem eru mikilvægar fyrir lífríki, ekki síst fuglalíf. Með slíkri stækkun svæðisins mun það ná yfir jökulmenjar og menningarminjar í innanverðum Grafarvogi, sem eykur við gildi þess í þágu fræðslu og útivistar.



Reykjavík